

Leikskólinn Laugargerði

LAUGARGERÐISSKÓLI



Skólanámskrá

Leikskóladeild Laugargerðisskóla

Kristín Björk Guðmundsdóttir

Skólaárið 2014-2015

Efnisyfirlit

LEIKSKÓLADEILD LAUGARGERÐISSKÓLA.....	2
Inngangur.....	2
Skólanámsskrá leikskóladeildar	2
Lög um leikskóla.....	3
Stefna Laugargerðisskóla.....	3
Grunnbættir menntunar	4
Forsenda leikskólastarfsins	4
Markmið leikskóla Laugargerðisskóla	5
Samþætt og skapandi leikskólastarf.....	5
Heilbrigði og velferð	5
Daglegt líf í leikskóla.....	5
Að koma og fara	5
Að klæðasig í og úr.....	6
Matartími.....	6
Hvíld.....	6
Hreinlæti.....	6
Hreyfing.....	6
Læsi og samskipti	7
málrækt	7
Lýðræði og jafnrétti í leikskólastarfi	7
Sköpun og menning.....	8
Sjálfbærni og vísindi.....	9
Mennig og samfélag.....	9
Samverustundir.....	10
Hópvinna.....	10
Nám án aðgreiningar.....	11
Lífsleikni.....	11
Mat á námi og velferð barna.....	11
Foreldrasamstarf –samvinna.....	12
Velkomin í leikskóla	12
Aðlögun	12
Foreldraviðtöl	13
Foreldrafundir.....	13
Foreldrafélag	13
Trúnaður - tilkynningaskylda	13
Samstarfsaðilar	13
Innra gæðamat – sjálfsmat leikskóla.....	13
Stjórnun og starfshættir	14
Öryggismál.....	14

LEIKSKÓLADEILD Laugargerðisskóla

Inngangur

Leikskóladeild Laugargerðisskóla er rekin sem deild í grunnskólanum, samkvæmt lögum 2008 um samrekinn leik og grunnskóla.

Leikskólann sækja börn af öllu skólasvæði Laugargerðisskóla

Nemendurnir samnýta skólasvæði grunnskólans bæði úti og inni.

Búið er að skipuleggja leiksvæðið miðað við þarfir leikskólabarna og búið að byggja skjólvegg sem fyrsta hluta svæðisins. Lokuð girðing kring um leikvöll var kláruð október 2013. Leikkastali kom á leikvöll vor 2014.

Skólanámsskrá

Námsskrá leikskóladeildar Laugargerði mótast af þeim áherslum sem lagðar eru í Aðalnámsskrá leikskóla. Stefna sveitarfélagsins er ekki til staðar, en áhersla og stefna leikskólans mótast af þeim aðstæðum sem hann býr við. Hér er átt við ytri aðstæður og umhverfi leikskólans og þann faglega og persónulega bakgrunn sem mótar viðhorf kennaranna og starf.

Menntamálaráðuneytið gefur út Aðalnámsskrá leikskóla. Hún er fagleg stefnumörkun og lýsir sameiginlegum markmiðum og kröfum sem eiga við um allt leikskólastarf. Hún inniheldur hugmyndafræði leikskóla, markmið og leiðir. Aðalnámsskrá er ákveðinn rammi um leikskólastarfið og undirstaða frekari skólanámsskrárgerðar.

Lög um leikskóla, Reglugerð um starfsemi leikskóla og aðalnámsskrá leikskóla er að finna á netinu: www/mrn.stjr.is og err útgefin 2011. Aðalnámsskráin byggir á lögum um leikskóla (nr. 90/2008), grunnskóla (nr.91/2008 og framhaldsskóla (nr.92/2008). Ýmsir þættir sem fjallað er um í aðalnámsskrá eru sameiginlegir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Lög um leikskóla nr.90/2008,2.grein

“Í leikskólum skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.

Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla skulu vera:

- a. að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra,
- b. að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku,
- c. að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar,
- d. að stuðla að vísýni barna og efla siðferðisvitund þeirra,
- e. að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífellndri þróun,
- f. að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta.”

Námsskránni er skipt upp í tvo hluta, sameiginlegi hlutinn er **starfsáætlunin, handbók Laugargerðisskóla** sem er sameiginleg fyrir grunn- og leikskóladeild, hún er send heim á öll heimili í september.

Stefna Laugargerðisskóla er

- ❖ Að starfa eftir lögum um leik og grunnskóla og búa nemendur undir líf og starf í Lýðræðisþjóðfélagi sbr. 2.gr.lög um leikskóla .
- ❖ Að veita nemendum haldgóða menntun, þroska sjálfstæða hugsun og vinnubrögð.
- ❖ Að öllum líði vel í Laugargerðisskóla
- ❖ Að taka mið af þörfum hvers og eins nemenda og aðstoða til aukins þroska á eigin forsendum.
- ❖ Einelti er ekki liðið í Laugargerðisskóla
- ❖ Að vinna í nánu samstarfi við foreldra og taka mið af umhverfi skólans.
- ❖ Nemendum skal tamin ábyrgð og virðing fyrir náttúru og menningu, sjálfum sér og öðrum.

Síðastliðið skólaár var unnið að því að endurskoða stefnu Laugargerðisskóla, í þeirri vinnu var m.a. farið í að skilgreina einkunnarorð skólans, **traust, virðing, vinátta**. Einkunnarorð skólans fléttast inn í allt skólastarf og unnið markvist með þau.

Traust, „Traust er frumskilyrði mannlegra samskipta, það heldur samfélagi manna saman. Traustið milli manna er huggunin sem tengir þá saman og um leið og það dvín hallar undan fæti.“ Gagnkvæmt traust skiptir sköpum en ekki er sjálfstraust minna virði. Í því felst trú á sjálfum sér og eigin verðleikum og af því hlýst öryggi í framkomu. Sá sem hefur ekki sjálfstraust kemst ekki þangað sem hann vill fara.“ Gunnar Hersveinn

Virðing, „Virðing felur í sér væntumþykju gagnvart öðrum og er svarið við fordómum. Hún felst í að heiðra sambandið milli sín og annarra og veita umhverfinu stöðu í hjarta sínu“. „Bernskan er dýrmæt og viðkvæm og þarfnast gætni og virðingar. Barnið þarf föruneysi, ráð og leiðbeiningar til að geta metið aðstæður og tekið gifturíkar ákvarðanir“ Gunnar Hersveinn

Vinátta, „Vinátta er oftast lengi að verða til. Vinátta felst í því að gera eitthvað saman, vinna, skemmta sér og leysa vandamál. Það vekur vonir um framtíðina að gera eitthvað ánægjulegt saman og skapa góðar minningar. Vinátta er því lifandi samband sem þróast og styrkist með árunum og segja má að góðir vinir bæti hver annan.“ Gunnar Hersveinn

Grunnþættir menntunar

Sú menntastefna sem birt er í þessari aðalnámsskrá er reist á sex grunnþáttum menntunar sem eru leiðarsljós við námsskrágerðina.

- Læsi
- Sjálfbærni
- Heilbrigði og velferð
- Lýðræði og mannréttindi,
- Jafnrétti
- Sköpun

Forsenda leikskólastarfsins.

Lýðræði, mannréttindi og jafnrétti.

Í leikskólauppeldi er leikurinn leiðandi hugtak. Fræðimenn eru sammála um að leikurinn sé helsta náms- og þroskaleið barna og rannsóknir sýna að lítil börn læra og þroskast best í leik. Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfsins og er jafnframt helsta kennsluáferð í leikskólanum. Sköpunarþörf, virkni og hugmyndaflug barna birtist í leikjum þeirra. Í leikjum fá börnin hreyfiþörf sinni fullnægt og þau þjálfa hreyfingar sínar og líkamsstjórn. Í þykjustu- og hlutverkaleikjum og öðrum samleikjum lærist börnum nauðsyn þess að vinna saman og taka tillit hvert til annars á jafnréttisgrundvelli. Í leik öðlast börnin samkennd og vináttu. Í skipulögðum leikjum og regluleikjum læra þau einfaldar samskiptareglur og að virða rétt annarra, í slíkum leikjum vaknar og þróast lýðræðisvitund þeirra.

Leikskólauppeldi er annars konar uppeldi en það sem foreldrar veita og er mikilvæg viðbót við það. Foreldrar eru óumdeilanlega aðaluppalendur barna sinna og bera meginábyrgð á uppeldi þeirra. Uppeldi og menntun leikskólabarnanna er samvinnuverkefni allra kennaranna í leikskólanum, þar sem þeir leggjast á eitt um að skapa börnunum gott, hlýlegt og fræðandi uppeldisumhverfi. Í leikskólastarfi fléttast saman á ýmsan hátt hugtökin leikur – vinna – nám. Börn í leikskóla læra fyrst og fremst í leik og daglegu starfi við eðlilegar og áþreifanlegar aðstæður. Líkamleg og andleg umönnun er forsenda þess að börn öðlist öryggiskennd og geti dafnað og lært af umhverfi sínu. Börnin þurfa að njóta sín sem einstaklingar, en jafnframt að læra að vinna saman, eignast vini og öðlast heilbrigða samkennd. Skipulag og búnaður leikskóla á að stuðla að því að vekja forvitni barnanna, efla sjálfstæði þeirra og frumkvæði, virkni, áhuga og gleði. Ávallt skal hugsa um að jafnrétti ríki í leikskólastarfinu, að allir nemendur njóti sín óháð kyni eða þjóðerni.

Sampætt og skapandi leikskólastarf

Ákveðin námssvið eru undirstaða náms barnanna í leikskólanum. Þessi námssvið skarast öll að meira eða minna leyti og haldast í hendur við leik, daglegt starf og lífsleikni barnanna. Námssviðin eru þessi: *Læsi og samkipti, heilbrigði og velferð, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning.*

Leikskólastarfið fléttast saman af fjölbreyttum námssviðum, námsþáttum og daglegu lífi og leik barnsins. Í leikskólanum er barnið í brennidepli og starfshættir taka mið af þroska og þörfum hvers einstaklings. Til þess að svo megi verða er leikskólastarfinu skipt í ýmiskonar leik-, náms- og samverustundir bæði inni og úti.

Markmið leikskóla Laugargerðisskóla

- Að vinna með umhverfið og náttúruna, þar sem umhverfi leikskólans býður upp á fjölbreytta möguleika til þess
- Að styðja við frjálsa leikinn
- Að bjóða uppá hreyfingu, útiveru og hollt mataræði
- Að efla félagslega færni
- Að styðja við málörvun og málskilning
- Að vinna markvist með læsi í elstu deild leikskólans
- Að vinna markvist með hugtakapjálfun og byrjendastærðfræði í elstu deild.
- Að örva skapandi starf

Til þess að ná þessum markmiðum er á hverjum degi gefinn góður tími fyrir sjálfsprottinn leik, boðið er upp á fjölbreyttan efnivið til að vinna með og unnið er með sérstök viðfangsefni í minni hópum. Útivera er daglega og lögð er áhersla á hollt mataræði.

Til þess að tryggja vellíðan barnanna í leikskólanum höfum við ákveðnar reglur og ramma um starfið. Það skapar öryggi hjá börnunum að vita að hverju þau ganga. Skipulag vikunnar er í föstum skorðum og sýnilegt öllum.

Heilbrigði og velferð

Laugargerðisskóli byrjaði nú í haust 2014 í þróunarstarfi sem tengist heilbrigði og velferð. Skólinn starfar nú sem heilsueflandi skóli og vinnur eftir þeirri stefnu.

Daglegt líf í leikskóla

Venjubundnar athafnir daglega lífsins í leikskólanum mótast af andlegum og líkamlegum þörfum barna og heilsu. Markmiðið er að börnin verði sjálfstæð og sjálfbjarga. Líkamleg umönnun og heilsuvernd stuðlar að almennri vellíðan barnsins. Návist leikskólustarfsmanns við barnið í leik og starfi gefur dvöl þess í leikskólanum dýpra gildi.

Að koma og fara

Lögð er áhersla á að taka vel á móti hverju barni svo það finni sig velkomið í leikskólann. Barnið þarf að upplifa öryggi og það viðmót sem það mætir getur haft úrslitabýðingu varðandi góð samskipti og tengsl. Mörg börnin koma með skólabíl í Laugargerði, bílstjórinn fylgir þeim þá jafnan inn og leikskólakonur taka á móti þeim. Mikilvægt er að foreldrar fylgist vel með upplifun barnsins á ferðalaginu og keyri þá barnið ef ferðalag í skólabíl er barninu ofviða.

Að klæða sig í og úr

Mikið nám fer fram í fatahenginu, einkum í sjálfshjálp og samskiptum. Mikilvægt er að vanda til skipulagsins svo tíminn þar nýtist til náms og aukins þroska.

Markmiðið er að börnin

- verði sjálfbjarga, klæði sig í og úr fötum og gangi frá eftir sig
- læri smátt og smátt að velja klæðnað miðað við veður
- sýni hvert öðru tillitsemi og samhjálp

Leiðir

- Hvetja börnin til að hjálpa sér sjálf og aðstoða þau í stað þess að gera fyrir þau

Matartími

Mikilvægt er að vel takist til í matartímanum svo börnunum líði vel í leikskólanum. Þarf þar að fara saman sú nauðsyn að börnin fái fjölbreytta og holla fæðu og góðar og rólegar aðstæður þannig að þau geti nýtt sér þá fæðu sem í boði er. Í haust eru börnin sérstaklega hvött til að auka grænmetisneyslu. Þau safna límmiðum sem þau fá fyrir að

borða grænmeti og ávaxtasallat sem er í boði með hádegismat. Rík áhersla er samt lögð á það að þau velji sér sjálf það sem fer á diskinn.

Markmiðið er að

- kenna almenna borðsiði og vera góðar fyrirmyndir
- styðja börnin til sjálfshjálpar við matarborðið um leið og þau læra að taka tillit til annarra.

Hvíld

Til þess að njóta leikskóladagsins er nauðsynlegt að börnin fái þá hvíld sem þau þurfa til að endurnýja starfskrafta sína. Yngstu börnin leggjast og sofna. Eldri börnin leggjast og hlusta á sögu en fá síðan að fara aftur að leika meðan yngri sofa.

Hreinlæti

Hreinlætisuppeldi er margslungið og viðkvæmt. Markmiðið er að kenna börnunum að tileinka sér almennar hreinlætisvenjur og verða sjálfbjarga á þessu sviði.

Frágangur og snyrtimennska

Einn liður í uppeldi og menntun barnanna er að þau læri að ganga frá fatnaði sínum og leikefni. Börnin eru þátttakendur í undirbúningi að ýmsum verkefnum, t.d. með því að sækja sér efnivið. Lögð er áhersla á að leikföng og efniviður sé aðgengilegur börnunum.

Þar sem fatahengið er lítið er erfitt fyrir börnin að ganga frá eftir sig. Við leggjum áherslu á að þau geri það eins vel og hægt er að ætlast til eftir aðstæðum.

Hreyfing

Börn hafa mikla þörf fyrir að hreyfa sig frjálst og óhindrað. Hreyfing stuðlar að líkamlegri og andlegri vellíðan, gleði, snerpu og þoli. Í leikskóla er hreyfiþörf virt og örvuð og börn læra að þekkja og skynja líkama sinn.

Markmiðið er að

- stuðla að andlegri og líkamlegri vellíðan barnsins
- barnið skynji líkama sinn og nái smám saman betri stjórn á hreyfingum sínum í leik og starfi
- skapa barninu tækifæri til útrásar í leik
- í hreyfingu öðlist barnið skilning á styrk sínum og getu og sjálfstraustið aukist
- auka samhæfingu hreyfinga og jafnvægis og að barnið verði öruggara með sig

Leiðir

- Börnin fara daglega út þar sem þeim gefst gott tækifæri til að hreyfa sig.
- Skipulagðir íþróttatímar með íþróttakennara eru í hverri viku
- Ýmiskonar fínhreyfiverkefni
- Sjálfshjálpar sem reynir á hreyfifærni barnanna eins og að klæða sig

Útivera

Útivera býður upp á góða hreyfingu og er mikilvægur þáttur í leikskólauppeldi. Útivera er börnum holl, styrkir og eflir líkamann og eykur mótstöðuafli. Í útiveru gefast ótal tækifæri til náms, t.d. um náttúruna og veðrið. Í útiverunni leika börnin sér mest frjáls, en einnig er boðið upp á skipulagða leiki, t.d. ýmsa hópleiki.

Markmiðið er að

- efla alhliða þroska
- auka andlega og líkamlega heilsu, vellíðan, styrk og þol

- börn upplifi náttúruna og ólíkt veðurfar

Leiðir

- Hvert barn fer í útiveru a.m.k einu sinni á dag nema í undantekningartilvikum.

Læsi og samskipti,

Málrækt, Tungumálið er mikilvægasta tæki manna til boðskipta. Með því tjá þeir hugsanir sínar og tilfinningar, skoðanir og fyrirætlanir. Í frumbersku og á leikskólaaldri er lagður grundvöllur að málþroska barna. Segja má að málörvun gangi eins og rauður þráður í gegnum allt leikskólastarfið. Mikilvægt er að mál og málörvun greinist ekki frá frá öðrum uppeldisþáttum.

Markmiðið er að

- auka orðaforða
- auka tjáskipti og skilning
- ná góðum tókum á tungumálinu sem er undirstaða félagslegrar þátttöku
- bera arfleifðina til næstu kynslóðar

Leiðir

- myndir sem þau lýsa
- Nota hvert tækifæri til að tala við börnin
- Setja orð á athafnir
- Lesa bækur og leika sér að rími
- Syngja með börnunum og örva hlustun
- Að starfsmenn séu góðar málfyrirmyndir, hjálpa og leiðbeina
- Fara í spil og leiki sem krefjast tjáningar
- Elstu börnin fara í tíma til kennara sem vinnur markvisst með byrjendalæsi.

Lýðræði og jafnrétti í leikskólastarfi

Börn læra í leik og daglegu starfi í leikskólanum, innan dyra sem utan. Þau læra í samvinnu við önnur börn og þegar þau fá stuðning og hvatningu frá hinum fullorðnu. Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt. Í leikskólanum ber að skapa aðstæður til að :

- Eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti í barnahópnum
- Endurskapa upplifun sína og reynslu í leik og skapandi starfi
- Tjá sig með fjölbreyttum hætti og með ólíkum efniviði
- Kynnast tungumálinu og möguleikum þess
- Njóta þess að hlusta á og semja sögur, ljóð, þulur og ævintýri,
- Þróa læsi í víðum skilningi,
- Öðlast skilning á ritað mál og tákni hafi merkingu,
- Deila skoðunum sínum og hugmyndum,
- Nýta ólíkar leiðir og margvíslega tækni til að nálgast upplýsingar og setja fram hugmyndir sína
- Velta vöngum yfir eigin samfélagi og menningu og menningu annarra þjóða.

Í leikskóla ber að stuðla að jafnrétti og virkri þátttöku barna í samfélaginu með því að skapa þeim tækifæri til að upplifa lýðræðisleg vinnubrögð og samskipti í daglegu starfi. Í daglegu starfi læra þau að skiptast á og deila með öðrum.

Sköpun og menning

Myndsköpun

Börn hafa ríka þörf fyrir að tjá sig með myndmáli á skapandi hátt. Sköpun barna byggist á skynjun þeirra og reynslu. Í leikskólanum er lögð áhersla á að börnin tjái sig frjálst og að sköpunargleðin fái að njóta sín. Sjálft sköpunarferlið skiptir meira máli en útkoman. Hlutverk starfsmanna felst. m.a. í því að velja leiðir sem hvetja til skapandi hugsunar og sjálfstæðra vinnubragða hjá börnunum.

Markmiðið er að

- barnið njóti þess að skapa á eigin forsendum og njóti afrakstursins
- ýta undir sjálfstæða myndsköpun og uppfylla sköpunarþörf barnsins og örva hana
- bjóða upp á fjölbreyttan efnivið til myndsköpunar

Leiðir

- Grunnefniviður til myndsköpunar sé aðgengilegur í daglegu starfi
- Að börnin fái að vinna sjálfstætt
- Börnin vinna fyrirfram undirbúin verkefni t.d. í hópastarfi
- Börnin vinna sjálfvalin verkefni með annað hvort afmörkuðum eða sjálfvöldum efniviði
- Elstu börnin fá einn fastan tíma í myndmennt/textil hjá kennara

Tónlist

Tónlist er ríkur þáttur í allri þjóðmenningu. Börn öðlast tónlistarþroska með því að fá fjölbreytta reynslu af tónlist og að kynnast hljóðum, tónum og hreyfingu í leik og starfi. Við syngjum með börnunum og þau hafa einnig tækifæri til þess að hlusta á tónlist á geisladiskum. Börnin fara einu sinni í viku í formlegan tónmenntatíma til Steinunnar. Helstu tónlistarþættir í leikskóla eru söngur, hreyfing, hlustun og leikur með hljóðgjafa. Námsefnið *Höfum gaman saman* er notað markvisst til að ná fram eftirfarandi markmiðum.

Markmiðið er að

- barnið uppgötví í gegnum tónlist nýja hluti og læri ýmsa færni og þætti sem nýtast því á öðrum sviðum í daglegu lífi og leik

Leiðir

- Söngur og hreyfileikir
- Hlusta á ýmiskonar tónlist, tóngjafa og hljóð úr umhverfinu
- Höfum gaman saman (tónlist, hlustun, hreyfing, leikur)
- Hreyfingar í takt við tónlist
- Myndsköpun með tónlist
- Nemendur fá einn tíma á viku í tónmennt hjá tónmenntakennara

Sjálfbærni og vísindi

Náttúra og umhverfi

Frá fyrsu stundu beita börn ýmsum aðferðum við að kanna og reyna að skilja umhverfi sitt. Þau horfa, hlusta, snerta, bragða, handleika, flokka, bera samman, rannsaka og draga ályktanir.

Kynni barnsins við náttúruna eru þýðingarmikil fyrir þroska þess. Í leikskólanum er stuðlað að virðingu barnanna fyrir náttúrunni og náttúruvernd og þeim séð fyrir fjölbreyttum möguleikum á að kynnast henni, veðrinu og árstíðunum í fjölbreytileika sínum.

Markmiðið er að

- börnin upplifi náttúruna af eigin raun og læri að njóta hennar sér til ánægju.
- stuðla að virðingu barnanna og ábyrgðarkennd fyrir náttúrunni og umhverfinu
- skapa börnunum tækifæri og aðstöðu til tilrauna og athugana

Leiðir

- Útivist daglega
- Gönguferðir um nágrennið
- Vinna með hluti úr náttúrunni
- Heimsókn á býli á vorin
- Fjöruferð (elsta deild) ef veður leyfir

Menning og samfélag

Maðurinn er óhjákvæmilega þátttakandi í því samfélagi sem hann býr í. Hefðir eru ákveðin menning og tengsl við sögu okkar og fortíð. Í leikskólanum kynnist barnið ýmsu í menningu samfélagsins, t.d. eru kenndar gamlar þulur og kvæði, farið er í ýmsa gamla leiki og fjallað er um íslenska fánann - tákn fullveldis þjóðarinnar.

Í leikskólanum hafa með tímanum myndast ákveðnar hefðir sem eru mikilvægur hluti af menningu hans. Í hefðum felst öryggi og oftast eitthvað sem gleður hjartað, það að gera sér dagamun.

Markmiðið er að

- barnið kynnist ýmsu í menningu samfélagsins
- kynna barninu íslenska siði fyrir og nú
- víkka sjóndeildarhring barnsins
- opna augu barnsins fyrir því að samfélög eru ólík
- hjálpa börnum af öðrum uppruna að öðlast sjálfstraust og öryggi í nýju umhverfi, hjálpa þeim að samlagast íslensku samfélagi og íslenskri tungu. Virða menningu og tungu þeirra

Leiðir

- Halda í heiðri þjóðlegum arfi.
- Sýna þjóðerni erlendra barna áhuga og fá foreldrana til samstarfs um kynningu á menningu og siðum

Samverustundir

Samverustundir gegna mikilvægu hlutverki fyrir félags- og málþroska barnanna, þau tjá sig og læra að hlusta á aðra.

Markmiðið er að

- stuðla að alhliða námi
- eiga notalega stund saman

Leiðir

- Lesnar sögur, sungið, farið í leiki og rætt saman
- Unnið með tónlist
- Ýmis fræðsla tengd menningu og samfélagi

Hópvinna

Í skipulögðu hópstarfi er unnið markvisst með öll námssviðin.

Markmiðið er að

- börnin læri að vinna saman
- börnin læri að virða skoðanir annarra
- börnin læri að taka tillit til annarra og hjálpast að
- börnin læri að fara eftir fyrirmælum og taka frumkvæði
- börnin læri að starfa í hóp að sameiginlegu markmiði
- stuðla að vellíðan og öryggi

Leiðir

- Börnunum er skipt í hópa eftir aldri og þroska
- Verkefni og vinnan er miðuð við hvern aldurshóp
- Sami starfsmaður sér um hvern hóp, eftir því við er komið

Val/flokkunarvinna

Nemendur fá að hafa áhrif á verkefnaval og hversu lengi þau vinna. Reynt er að hafa fjölbreytt val hvað varðar efnivið.

Markmiðið er að

- stuðla að sjálfræði og sjálfstæði
- bjóða upp á fjölbreytileg viðfangsefni
- nýta vel búnað og rými skólans

Leiðir

- börnin velja sér stað, herbergi í leik eftir áhugasviði
- börnin velja sér verkefni

Verkefni fyrir elstu börnin

Markmiðið er að

- stuðla að sjálfstæði og sjálfsþekkingu barnanna
- efla með börnunum vináttu og samkennd
- styrkja sjálfsmýndina, öryggi og getu til að leysa ágreiningsmál
- börnin þjálfast í að vinna saman
- börnin læri að sýna tillitsemi og umburðarlyndi
- brúa bilið milli leik- og grunnskóla

Leiðir

- Bjóða upp á fjölbreytt og þroskandi verkefni
 - 5 ára nemendur sækja tíma í grunnskólanum.
 - Þar er unnið með málörvun, grunnvinnu fyrir læsi og stærðfræði.

Læsi

Unnið er með uppbyggingu lesturs .

- Unnið að þjálfun hljóðkerfisvitundar .
- Unnið með markvissa málörvun
- Fara í tölvustofu, vinna í foræfingum fyrir stærðfræði og læsi
- Vinna í stærðfræði fyrir byrjendur.
- Farið í íþróttatíma
- Farið í tónlistartíma

Nám án aðgreiningar – sérkennsla

Í lögum um leikskóla nr 78/1994, 15. gr. segir: „Börn á leikskólaaldri sem vegna fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun, eiga rétt á henni innan leikskólans undir handleiðslu sérfræðinga.” Öll börn hafa jafna möguleika til að þroskast og að nýta leikskóladvölinu með því að veita þeim, sem þess þurfa, sérstaka aðstoð. Markmiðið er að

- tryggja öllum börnum bestu og mestu möguleika á framförum
- veita börnum sem þess þurfa sérstaka aðstoð

Ef grunur leikur á að barn þarfnist sérkennslu er fylgst sérstaklega vel með því og í framhaldi af því eru gerðar ráðstafanir sem hægt er að gera innan ramma leikskólastarfsins. Ef ástæða þykir til frekari aðgerða er barninu, í samráði við foreldra, vísað til nánari greiningar. Iðjuþjálfari hefur komið í heimsókn og gefið holl ráð hvað varðar fínhyrni þjálfun. Sérkennslan mótast út frá þeim þörfum sem fyrir eru.

Lífsleikni

Með lífsleikni er átt við hæfni til að takast á við lífið sjálft. Segja má að leikskólanámið sé í raun samfellt lífsleikninám. Til að öðlast lífsleikni þarf barnið að læra umburðarlyndi í samskiptum sínum og samneyti við aðra, læra að bera virðingu fyrir ólíku atgervi, skoðunum og menningu. Vinátta og samkennd er dýrmætt veganesti og góður undirbúningur undir virka þátttöku í félagslífi og samstarfi síðar í lífinu. Barnið þarf að tileinka sér lífsgildi, reglur, venjur og hefðir sem ríkja heima, í leikskólanum og í samfélaginu í heild. Í leikskólanum er frumkvæði barnanna eflt og styrkt, þannig verða þau hæfari til að takast á við líf og starf í lýðræðissamfélagi. Þau eiga að taka þátt í ákvörðunum sem varða líf þeirra og leik eftir því sem aldur og þroski leyfa. Í leikskóla á barnið að fá tækifæri til að leysa deilur á jákvæðan og friðsamlegan hátt og læra að gleðjast með öðrum og lifa í sátt við sjálft sig og umhverfi sitt.

Mat á námi og velferð barna

Mat á námi, þroska og velferð barna felur í sér að safnað er upplýsingum um það sem börn fást við og hafa áhuga á; hvað þau vita, geta og skilja. Upplýsingarnar eru notaðar til að styðja nám og velferð barna við skipulagningu leikskólastarfsins og í samstarfi við foreldra. Um er að ræða ferli sem á að vera samþætt daglegu starfi leiksskólans og fela í sér skipulagningu, skráningu, mat og ígrundun á námi, þroska og velferð barna.

Þegar fylgst er með þroska, námi og velferð barna er lögð áhersla á;

- alhliða þroska,**
- sjálfstæði,**
- áhugasvið,**
- þátttöku í leik úti og inni,**

**félagsfærni og samkennd,
frumkvæði og sköpunarkraft,
tjáningu og samskipti**

Sérstakt eyðublað er notað til að safna upplýsingum á sem er síðan notað í foreldraviðtölum

Foreldrasamstarf – samvinna

Leikskólinn er lögum samkvæmt fyrsta skólastigið í menntakerfinu og annast að ósk foreldra nám barna á leikskólaaldri. Foreldrar bera meginábyrgð á uppeldi barna sinna, en leikskólanám er viðbót við uppeldi foreldra, en er á engan hátt ætlað að koma í stað þess. Á þessum grundvallaratriðum byggist foreldra- samvinna. Mikilvægt er að foreldrar þekki kennara barnsins og annað starfsfólk leikskólans og að samskiptin byggist á gagnkvæmri virðingu og trausti.

Markmiðið er að

- að rækta samvinnu og samskipti leikskólans og heimilanna
- að veita foreldrum upplýsingar um starfsemi leikskólans
- að stuðla að þátttöku foreldra í starfi leikskólans

Leiðir

- Samskipti og upplýsingastreymi efir þörfum símleiðis
- Almennur foreldrafundur einu sinni á ári
- Foreldraviðtöl
- Gefin út dagskrá leikskólans
- Handbók Laugargerðisskóla, starfsáætlun afhent öllum foreldrum
- Matseðill og mánaðarbréf er sent heim mánaðarlega

Velkomin í leikskóla

Samstarf milli heimilis og skóla hefst áður en barnið byrjar í leikskólanum. Á meðan barnið er í aðlögun er lagður grunnur að gagnkvæmum kynnum, trausti og virðingu á milli foreldra og leikskóla.

Í upphafi aðlögunar fer starfsmaður leikskóla yfir skiplagið með foreldrum þar sem farið er yfir helstu atriði og almennar reglur sem gilda í leikskólanum.

Aðlögun

Aðlögun barns er einn þáttur í uppeldisstarfinu og skiptir miklu máli fyrir fyrir líðan barnsins hvernig til tekst. Að byrja í leikskóla er ný reynsla, allt er framandi og ókunnugt og því er mikilvægt að vel sé staðið að málum. Með því er lagður góður grunnur að framtíðinni. Markmiðið er að efla öryggiskennd og vellíðan barnsins og foreldra þess í framandi aðstæðum og stuðla að gagnkvæmum kynnum á milli fjölskyldu barnsins og leikskólans. Foreldrar/forráðmenn eru með barninu á leikskólanum fyrstu vikuna, eða eins lengi og foreldri og starfsmenn leikskóla telja æskilegt.

Foreldraviðtöl

Skólastjóri ásamt starfsmanni á leikskóla veita foreldrum einkaviðtal einu sinni til tvisvar á ári og oftast ef þörf krefur. Þær upplýsa foreldra um stöðu og líðan barnsins í leikskólanum, hann byggir upplýsingar sínar um barnið á athugunum á færni þess og þroska í leik og starfi í barnahóp. Í foreldraviðtölum gefst foreldrum tækifæri til að spyrja spurninga og veita upplýsingar um barnið. Mikilvægt er bæði fyrir barnið, kennara og foreldra að foreldrar nýti sér þessa tíma. Foreldrar geta

óskað eftir viðtalstíma hvenær sem er ef þeim finnst þörf á því. Einnig er hægt að hafa samband við skólastjóra Laugargerðisskóla og óska eftir viðtali.

Foreldrafundir

Þetta skólaár er boðið upp á foreldraviðtals í lok haust annar í stað almenns foreldrafundar. Þar eru gefnar margvíslegar upplýsingar um leikskólastarfið, ársáætlun og annað skipulag kynnt og rætt. Einnig er skipst á skoðunum um leikskólauppeldi og þátttöku foreldra í leikskólastarfinu.

Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við Laugargerðisskóla. Foreldrar leikskólabarna eru einnig í foreldrafélagi Laugargerðisskóla. Verkefni foreldrafélaga eru margvísleg og geta félögin stutt mjög vel við starfið í leikskólunum og því er það hagur hvers leikskóla að hafa öflugt og virkt foreldrafélag. Foreldrar eru hvattir til að taka virkan þátt í starfi foreldrafélagsins. Allir foreldrar/forráðamenn verða sjálfkrafa félagar um leið og barnið byrjar í leikskólanum.

Foreldrafélagið er hugsað sem tengiliður foreldra/forráðamanna og kennara leikskólans. Það er og vettvangur fyrir foreldra/forráðamenn til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri varðandi starfið í leikskólanum.

Stjórn foreldrafélagsins er talin upp í starfsáætluninni i (handbók Laugargerðisskóla)

Skólaráð.

Fulltrúi leikskóla í skólaráði er *Anna Sesselja Sigurðardóttir*

Trúnaður – tilkynningaskylda

Leikskólinn leggur áherslu á að fullur trúnaður ríki um allar upplýsingar er varða börnin og foreldra þeirra. Hverjum starfsmanni er skylt að gæta þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu. Allt starfsfólk leikskóla undirritar sérstakt þagnarheit sem helst þó látið sé af starfi. Ef kennarar telja að líkamlegum og/eða andlegum þörfum barns sé ekki sinnt ber að tilkynna það barnaverndaryfirvöldum sbr. 13.gr. laga um málefni barna og ungmenna.

Samstarfsaðilar

Leikskóli Laugargerðisskóla er samrekin með grunnskólanum af sveitarfélaginu Eyja og Miklaholtshrepp.

Samvinna við grunnskólann er mikilvægur þáttur í leikskólastarfinu. Samvinna milli grunnskóla og leikskóla hefur það að markmiði að auðvelda barni að flytjast milli skólastiga og að samfella og stígandi skapist í námi og starfi barnsins. Upplýsingar um einstök börn fylgja þeim upp í grunnskóla þar sem þetta er einn skóli.

Innra gæðamat - sjálfsmat leikskóla

Samkvæmt reglugerð ber leikskóla að móta aðferðir til að meta uppeldisstarfið svo og stjórnunarhætti, samskipti innan leikskólans og tengsl við aðila utan hans.

Innra mat eða sjálfsmat er unnið í samráði við vinnu í grunnskólanum, allt skólastarfið er metið og reynt að finna út hverju hægt er að breyta til batnaðar. Í framhaldi af því er skólanámskráin endurskoðuð. Allir starfsmenn leikskólans og grunnskólans vinna saman að innra mati.

Stjórnun og starfshættir

Herdís Þórðardóttir fer með daglega yfirstjórn leikskólans. Með henni starfa Áslaug Guðbrandsdóttir og Sigríður Jóna Sigurðardóttir skólaliðar. Skólastjóri Laugargerðiskóla ber rekstrarlega ábyrgð gagnvart sveitarstjórn. Hann stjórnar heildarstarfsemi í samráði við starfsmenn leikskólans og ber ábyrgð, á að mótuð sé heildarstefna í uppeldis- og menntamálum. Reynt er að gæta hagræðis í rekstri án þess að rýra gæðin. Skólastjóra ber að skapa aðstæður sem stuðla að því að auka hæfni starfsmanna og stuðla að betri leikskólamenntun barna. Liður í því er að starfsmenn fari og heimsæki aðra leikskóla a.m.k. einu sinni á ári. Stafsmenn leikskólans hafa farið á grunn námskeið í notkun á I-pad spjaldtölvum og hafa leikskólabörnin fengið spjaldtölvu sem notuð er til að auka við möguleika á málörvun og skapandi leik.

Samkvæmt lögum ber skólastjóra að gera rekstraraðila grein fyrir starfi hvers leikskólaárs. Skólastjóri upplýsir skóla og fræðslunefnd um starf leikskólans

Öryggismál

Foreldrar eiga að geta treyst því að öryggi barnanna sé tryggt af fremsta megni á meðan á dvöl þeirra stendur. Skólastjóri ber ábyrgð á að öryggismál séu í lagi. Mikill léttir er því nú að búið er að loka skólalóð. Allur búnaður, húsnæði og lóð skal yfirfarin reglulega. Starfsmenn skulu kynna sér vel hvar brunaútgönguleiðir eru, hvar slökkvitæki eru staðsett og notkunarreglur þeirra. Brunaæfing er höfð einu sinni á ári, allir starfsmenn hafa fengið í hendur rýmingaráætlun þar sem tilgreint er hvað hver starfsmaður gerir ef eldur kemur upp í húsnæðinu. Öll slys eru skráð.

Í starfsáætlun sem send hefur verið heim eru taldar upp þær áætlanir sem eru aðgengilegar á heimasíðu skólans vistuð undir liðnum skjöl.

október 2014

Kristín Björk Guðmundsdóttir skólastjóri

Heimildir

Aðalnámsskrá leikskóla 2011
Námsskrá Leikskólans Birkihlíð Skagafirði
Skólanaámsskrá grunnskóladeildar Laugargerðisskóla